

Fundargerð

Fundur var haldinn í fullskipaðri málnefnd fimmtudaginn 19. október í Eddu, Arngrímsgötu 5, og hófst hann kl. 15. Fundinn sátu Ármann Jakobsson formaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Dagný Heiðdal, Eva María Jónsdóttir, Ingibjörg Einarsdóttir, Jóhann R. Kristjánsson, Jóhannes Bjarni Sigtryggsson, Luciano Dutra, Melkorka Tekla Ólafsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir, Margrét Tryggvadóttir og Þorlákur Karlsson. Hafsteinn Karlsson, Steinunn Stefánsdóttir og Þórður Sævar Jónsson boðuðu forföll. Ágústa Þorbergsdóttir frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

1. Fréttir af starfi málnefndar

Formaður setti fundinn og sagði að þetta yrði síðasti fundur núverandi málnefndar þar sem skipunartími hennar rennur út um áramótin. Meðal þess sem borið hefur hæst á tímabilinu var samning [nýrrar málstefnu](#) sem mikil vinna hefði verið lögð í. Tímabilið hefði einnig mótast af Covid-19 og samgöngutakmörkunum en þó hafi málrættarþing verið haldið öll árin. Formaður sagðist sjá þess ýmis merki, m.a. í aðgerðaáætluninni (sjá 2. lið), að ályktanir Íslenskrar málnefndar veki heldur meiri athygli í stjórnkerfinu en áður. Af starfi málnefndar á þessu ári má nefna annars vegar árlegt málrættarþing sem haldið var 28. september og málþing um ensku í íslensku samfélagi sem haldið var 4. maí. Bæði málþingin voru haldin í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins. Tvö hefti af Málfrægnum, vefriti málnefndarinnar, koma út í ár. Ný [vefsíða](#) var tekin í notkun í ár fyrir málnefndina. Tekinn hefur verið saman [leiðbeiningabæklingur um mótun málstefnu fyrir sveitarfélög og skóla](#) og er hann birtur á vefsíðu málnefndarinnar. Málnefndin hefur verið virk á Twitter og hefur þar verið birtur ýmiss konar málfróðleikur og leiðbeiningar og einnig sagt frá starfi málnefndarinnar. Málnefndin hefur sent nokkur bréf, umsagnir og ábendingar.

2. Aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu 2023–2026

Rædd var aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum íslenskrar tungu fyrir árin 2023–2026 sem lögð var fram til umsagnar í [Samráðsgátt](#) fyrir á árinu. Þessi ályktun var samþykkt:

Íslensk málnefnd fagnar þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í málefnum íslenskrar tungu og lýsir vilja til að taka þátt í mótun fjármagnaðrar aðgerðaáætlunar í kjölfarið. Mjög mikilvægt er að sinna vel íslenskumenntun þeirra sem flytja til landsins til lengri eða skemmri tíma. Ljóst þarf að vera hver á að bera kostnað og ábyrgð því þarna koma að m.a. atvinnurekendur, opinberir aðilar og stéttarfélög. Hvatt er til þess að reynslan af vel heppnaðri [máltækniáætlun](#) (2018–2022) verði nýtt. Mikilvægt er að ráðnir verði verkefnastjórar og ef til vill stofnað félag eða samræðuvettvangur um hana, svipað og gert var í máltækniáætlun. Eins má skerpa þá liði í áætluninni sem snúa að menningu.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru til umræðu.

Fleira gerðist ekki; fundi slitið kl. 16:00

Ármann Jakobsson

sign.

Ágústa Þorbergsdóttir

sign.